

Fréttabréf skólaþjónustu Árborgar

Markviss vinna með læsi í Árborg

Áhugaverðar krækjur

- [Krakkasíður Námsgagnastofnunar](#)
- [Unglingsíður Námsgagnastofnunar](#)
- [Fjölbreyttir kennsluhættir í íslensku—heimasíða](#)
- [Lestur og sögugerð—BookRecorder](#)
- [KindleWoods—kennsla í skóginum](#)

Fleiri krækjur

[Tölur og stafir-hugmyndir að ýmsum verkefnum](#)

[Lesvefurinn](#)

[Að skrifa sig til læsis HA](#)

Unnið er markvisst með læsi í leik- og grunnskólum Árborgar, en læsi er ekki einungis lestur bóka heldur einnig lestur á umhverfið, tjáning, ritun og merkingasköpun. Leikskólarnir eru komnir vel af stað með þróunarverkefnið sitt *Árangursríkt læsi - færni til framtíðar*.

Á haustdögum kom einn fremsti fræðimaður heims í læsi, Maryanne Wolf, til Íslands og hélt fyrirlestur. Wolf leggur áherslu á að lestur og læsi þurfi að þjálfast því við fæðumst ekki með þann hæfileika. Ólíkir einstaklingar þurfa ólíkar aðferðir til að lesa og því séu fjölbreyttir kennsluhættir í læsi mikilvægir í skólunum ásamt heimalestri sem getur gert gæfumanninn, nánar um fyrirlestur Wolf inni á [heimasíðu Árborgar](#)



Haustþing starfsfólks leikskóla á Suðurlandi

Hið árlega haustþing Félags leikskólakennara á Suðurlandi og Félags stjórnenda leikskóla var haldið föstudaginn 3. október. Á þingið mætti starfsfólk leikskóla á Suðurlandi, hlustaði á fyrirlestra tengda starfinu og hitti starfsfélaga. Fengnir voru fyrirlesarar sem fjölluðu um fagmennsku í starfinu, lýðræði í matmálistímum, kynjanámskrár, ýmsa nýbreytni og kosti þess að fara út fyrir þægindarammann í starfinu.

Erasmus+ styrkur til Vallaskóla



Í byrjun september var haldið námskeið fyrir verkefnastjóra Erasmus+ verkefna. Verkefnastjórar voru hvattir til góðra verka og í nýrri menntaáætlun Landsskrifstofu Erasmus+ til 2020 er lögð áhersla á markvissa þátttöku í evrópsku samstarfi og að verkefni séu betur tengd

við stefnumið einstakra skóla og stofnana á landsvísi. Guðrún Jóhannsdóttir, deildarstjóri yngri deildar Vallaskóla, sótti þetta námskeið og í lok þess var styrkjum úthutað til nokkurra skóla og var Vallaskóli einn af þeim. Styrkurinn fellur til stjórnenda skólans til að fara á tvö námskeið, annað er í Portúgal en yfirskrift þess er *Aukin gæði*

náms og hitt í Slóveníu, Stjórnun til framtíðar. Bæði þessi námskeið eru á þessu skólaári.

Ef þið hafið hugmyndir í fréttabréfið sendið [Sigrúnu](mailto:Sigrunu@arborg.is) tölvupóst sigrung@arborg.is